



Akureyrarbær

Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 683 - Fundargerð

683. fundur

5. júlí 2018 kl. 13:00 – 15:30

Fundarherbergi skipulagsdeild

Nefndarmenn

Leifur Þorsteinsson byggingarfulltrúi

Björn Jóhannsson

Starfsmenn

Stefanía G Sigmundsdóttir fundarritari

1. Hlíðarfjall - umsókn byggingarleyfi fyrir stólalyftu, tveimur lyftuhúsum/stjórnstöð og spennistöð

2018030402

Erindi dagsett 22. mars 2018 þar sem Fanney Hauksdóttir fyrir hönd Stólalyftu ehf., kt. 441217-0210, sækir um leyfi fyrir stólalyftu ásamt tveimur lyftuhúsum - stjórnstöð og spennistöð. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Fanneyju Hauksdóttur. Innkomin umsögn Vinnueftirlits og nýjar teikningar 3. júlí 2018.

Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin sé ekki matsskyld.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

2. Viðburðir - götu- og torgsala - 2018

2017120017

Erindi dagsett 20. júní 2018 þar sem Katrín Ósk Ómarsdóttir sækir um nætursöluleyfi fyrir Kósku ehf., / Lemon Akureyri, kt. 480317-0250, söluvagn við Ráðhústorg. Óskað er eftir leyfi fyrir 6., 20. og 21. júlí, 10., 11., 17. og 18. ágúst 2018. Meðfylgjandi er starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Norðurland eystra.

Byggingarfulltrúi samþykkir stöðuleyfi fyrir umbeðnar nætur við norðanvert Ráðhústorg. Umsækjanda er bent á að hafa samband við Norðurorku vegna tengingar við vatn og rafmagn.

3. Brekatún 2 - umsókn um breytt eignarhald á geymslugangi

2018030414

Erindi dagsett 15. maí 2018 þar sem Fríður Leósdóttir fyrir hönd Brekatúns 2, húsfélags, kt. 680115-0870, sækir um leyfi fyrir breytingum á geymslum íbúða á 5. og 6. hæð í húsi nr. 2 við Brekatún ásamt fjölgun bílastæða á suðurlóð. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Loga Má Einarsson. Innkomnar nýjar teikningar 8. júní 2018.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið. Skila skal inn breyttum eignarskiptasamningi.

4. Eyrarlandsvegur 28 - umsókn um byggingarleyfi fyrir aðkomu að stjórnskóðun

2016060090

Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa 5. júlí 2018 - 683. fundur

Erindi dagsett 15. júní 2018 þar sem Gísli Jón Kristinsson fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459, sækir um breytingar á áður samþykktum teikningum af stigauppgöngu að stjórnukíkishúsi á þaki húss nr. 28 við Eyrarlandsveg. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Gísla Jón Kristinsson. Innkomnar teikningar 15. júní 2018.

Byggingarfulltrúi frestar afgreiðslu með vísan til athugasemda á fylgiblaði.

5. Háilundur 7 - umsókn um byggingarleyfi 2018060350

Erindi dagsett 15. júní 2018 þar sem Anton Örn Brynjarsson sækir fyrir hönd Sigmundar Björnssonar, kt. 210668-4119, um leyfi til að endurbyggja bílgeymslu á lóð nr. 7 við Háalund á sama grunni, með samskonar þaki og er á íbúðarhúsinu. Meðfylgjandi teikningar eftir Fanneyju Hauksdóttur og samþykki nágranna fyrir þakbreytingu. Innkomnar nýjar teikningar 2. júlí 2018.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

6. Davíðshagi 8 - umsókn um byggingarleyfi 2017080103

Erindi dagsett 2. júlí 2017 þar sem Haraldur S. Árnason fyrir hönd Trétaks ehf., kt. 551087-1239, sækir um breytingar á áður samþykktum teikningum fyrir húsi á lóð nr. 8 við Davíðshaga. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Harald S. Árnason.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

7. Kotárgerði 22 - umsókn um breytta notkun vegna bílskúrs 2015050117

Innkomnar teikningar 27. júní 2018 þar sem Svavar Sigmundsson, kt. 020666-3239, og Áslaug Magnúsdóttir, kt. 200165-4979, sækja um breytingar á húsi sínu nr. 22 við Kotárgerði. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Valþór Brynjarsson.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

8. Lyngholt 9 - umsókn um bílgeymslu 2017100032

Erindi dagsett 4. maí 2018 þar sem Arnþór Tryggvason fyrir hönd Jóhanns Elvars Tryggvasonar, kt. 311074-4749, sækir um byggingarleyfi fyrir bílgeymslu og þaksvölum við hús nr. 9 við Lyngholt. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Fanneyju Hauksdóttur. Innkomnar nýjar teikningar 29. júní 2018.

Byggingarfulltrúi frestar afgreiðslu með vísan til athugasemda á fylgiblaði.

9. Rangárvellir 2, hús nr. 7 - umsókn um byggingarleyfi 2018040125

Erindi dagsett 9. apríl 2018 þar sem Anton Örn Brynjarsson fyrir hönd Norðurorku hf., kt. 550978-0169, sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum innanhúss og nýjum gluggum á Rangárvöllum 2, byggingu nr. 7. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Fanneyju Hauksdóttur. Innkomnar nýjar teikningar 27. júní 2018.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

10. Giljaskóli ípróttamiðstöð - umsókn um byggingarleyfi fyrir stækkun anddyris
2018060095

Erindi dagsett 7. júní 2018 þar sem Fanney Hauksdóttir fyrir hönd Akureyrarkaupstaðar, kt. 410169-6229, sækir um byggingarleyfi fyrir stækkun anddyris til austurs í húsi Giljaskóla við Kiðagil. Meðfylgjandi er teikningar eftir Fanneyju Hauksdóttur. Inkomnar nýjar teikningar 22. júní 2018.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

11. Tjarnartún 31 - umsókn um breytingar
2011110026

Erindi dagsett 20. júní 2018 þar sem Ragnheiður Sverrisdóttir, kt. 240765-5449, sækir um breytt innra skipulag og breytingar á útliti húss nr. 31 við Tjarnartún. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Eyjólf Valgarðsson.

Byggingarfulltrúi frestar afgreiðslu með vísan til athugasemda á fylgiblaði.

12. Hrafnabjörg 1 - umsókn um byggingarleyfi
BN090245

Erindi dagsett 22. júní 2018 þar sem Viggó Benediktsson fyrir hönd Höfðahúss ehf., kt. 551105-0750, sækir um breytingar á áður samþykktum teikingum af húsi nr. 1 við Hrafnabjörg. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Sigurð Hafsteinsson.

Byggingarfulltrúi frestar afgreiðslu með vísan til athugasemda á fylgiblaði.

13. Goðanes 16 - umsókn um byggingarleyfi fyrir geymsluhúsnæði
2015080060

Erindi dagsett 15. júní 2018 þar sem Haraldur S. Árnason fyrir hönd Vesturkants ehf., kt. 541008-0630, sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum í húsi nr. 16 við Goðanes. Sótt er um að setja milliloft í rými 0124 og 0126 ásamt hurð í millivegg. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Harald S. Árnason.

Byggingarfulltrúi frestar afgreiðslu með vísan til athugasemda á fylgiblaði.

14. Ásatún 46 - umsókn um svalalokun
2018060530

Erindi dagsett 20. júní 2018 þar sem Haraldur S. Árnason fyrir hönd húsfélagsins Ásatún 46, kt. 480317-0410, sækir um leyfi fyrir svalalokunum á allar svalir og verandir hússins nr. 46 við Ásatún. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Harald S. Árnason.

Byggingarfulltrúi frestar afgreiðslu með vísan til athugasemda á fylgiblaði.

15. Halldóruhagi 6a - umsókn um byggingarleyfi
2018040013

Erindi dagsett 21. júní 2018 þar sem Anna Margrét Hauksdóttir fyrir hönd Bergfestu 6-8 ehf., kt. 610515-0370, sækir um undanþágu frá upphituðu bílastæði fyrir hreyfihamlaða við fjölbýlishús nr. 6a við Halldóruhaga, þar sem engin upphitun er í gangstétt milli bílastæða og aðallóðar. Meðfylgjandi er skýringarmynd.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

16. Halldóruhagi 6b - umsókn um byggingarleyfi

2018050101

Erindi dagsett 21. júní 2018 þar sem Anna Margrét Hauksdóttir fyrir hönd Bergfestu 6-8 ehf., kt. 610515-0370, sækir um undanþágu frá upphituðu bílastæði f. hreyfihamlaða við fjölbýlishús nr. 6b við Halldóruhaga, þar sem engin upphitun er í gangstétt milli bílastæða og aðallóðar. Meðfylgjandi er skýringarmynd.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

17. Halldóruhagi 8b - umsókn um byggingarleyfi

2018050107

Erindi dagsett 21. júní 2018 þar sem Anna Margrét Hauksdóttir fyrir hönd Bergfestu ehf., kt. 610515-0370, sækir um undanþágu frá upphituðu bílastæði f. hreyfihamlaða við fjölbýlishús nr. 8b við Halldóruhaga, þar sem engin upphitun er í gangstétt milli bílastæða og aðallóðar. Meðfylgjandi er skýringarmynd.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

18. Halldóruhagi 8a - umsókn um byggingarleyfi

2018040167

Erindi dagsett 21. júní 2018 þar sem Anna Margrét Hauksdóttir fyrir hönd Bergfestu ehf., kt. 610515-0370, sækir um undanþágu frá upphituðu bílastæði f. hreyfihamlaða við fjölbýlishús nr. 8a við Halldóruhaga, þar sem engin upphitun er í gangstétt milli bílastæða og aðallóðar. Meðfylgjandi er skýringarmynd.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

19. Krossanes 2 - umsókn um byggingarleyfi fyrir stálsíló

2018040225

Erindi dagsett 17. apríl 2018 þar sem Fanney Hauksdóttir fyrir hönd Fóðurverksmiðjunnar Laxár hf., kt. 440791-1749, sækir um byggingarleyfi fyrir stálsíló við vesturhlíð húss nr. 2 við Krossanes. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Fanneyju Hauksdóttur. Innkomnar nýjar teikningar 2. júlí 2018.

Byggingarfulltrúi frestar afgreiðslu með vísan til athugasemda á fylgiblaði.

20. Sjafnargata 2 - umsókn um byggingarleyfi

2018060601

Erindi dagsett 20. júní 2018 þar sem Gunnar Örn Sigurðsson fyrir hönd Olíuverzlunar Íslands hf., kt. 500269-3249, sækir um byggingarleyfi fyrir sjálfsafgreiðslustöð með tilheyrandi búnaði á lóð nr. 2 við Sjafnargötu. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Gunnar Örn Sigurðsson.

Byggingarfulltrúi frestar afgreiðslu með vísan til athugasemda á fylgiblaði.

21. Steinahlíð 3f - umsókn um smáhýsi

2018060560

Erindi móttekið 25. júní 2018 þar sem Sigurfinnur Finnsson, kt. 150783-4539, og Eva Hildur Magnúsdóttir, kt. 141286-2429, sækja um leyfi til að setja niður smáhýsi á lóð sinni við Steinahlíð 3f. Meðfylgjandi er afstöðumynd og samþykki meðeigenda og

Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa 5. júlí 2018 - 683. fundur

nágranna í Steinahlíð 5.

Byggingarfulltrúi bendir á að framkvæmdin er ekki leyfissskyld ef farið er að skilyrðum skv. g-lið, grein 2.3.5. í byggingarreglugerð 112/2012, með síðari breytingum þar sem innkomið er fullnægjandi samþykki meðeigenda og nágranna. Ef um er að ræða annars konar útfærslu en þar er heimiluð þarf að sækja um byggingarleyfi.

22. Oddeyrbót 3 - skil á lóð 2017100068

Erindi dagsett 20. júní 2018 þar sem Bryndís Vilhjálmisdóttir fyrir hönd Teknor ehf., kt. 620500-2910, skilar lóðinni nr. 3 við Oddeyrbót. Gatnagerðargjöldin voru greidd að fullu.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

Fundi slitið.

